

Meira traust hjá þeim sem meira hafa: Áhrif auðmagns og upplifunar af ójöfnuði á traust til stjórn mála

Sigrún Ólafsdóttir, prófessor í félagsfræði
Jón Gunnar Bernburg, prófessor í félagsfræði

Útdráttur

Í lýðræðisríkjum er mikilvægt að einstaklingarnir beri traust til stjórn mála viðkomandi lands, sér í lagi til þjóðþingsins og þeirra sem þar sitja. Markmiðið með þessari rannsókn er að skoða, með yfirgrípsmeiri hætti en áður hefur verið gert, hvernig staða einstaklinga í lagskiptingu íslensks samfélags mótar stjórn málatraust þeirra. Gögnin koma úr Íslensku félagsvísindakönnuninni sem lögð var fyrir árið 2020. Niðurstöðurnar voru túlkaðar út frá stéttakenningu franska félagsfræðingsins Pierres Bourdieu, sem kveður á um að stéttarstaða ráðist ekki aðeins af *efnahagslegu auðmagni* heldur einnig *menningarlegu, félagslegu og táknrænu auðmagni*. Við kynnum jafnframt til sögunnar nýjar og ítarlegar mælingar okkar á þessum helstu víddum auðmagns. Niðurstöður okkar benda til þess að efnahagslegt auðmagn (kaupgeta) og táknrænt auðmagn (huglæg virðingarstaða) auki stjórn málatraust, að hluta til vegna þess að þeir sem búa yfir miklu auðmagni telja síður að tekjuójöfnuður hérlendis sé vandamál.

Efnisorð: Traust til stjórn mála; tegundir auðmagns; ójöfnuður.

More trust among those who have more: The impact of capital and perceived inequality on political trust

Abstract

Political trust is important in democratic societies, especially people's trust in the national parliament and its members. The aim of this study is to examine,



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 19, Issue 2 (107-130)

© 2023 Contact: Sigrún Ólafsdóttir, sigruno@hi.is

Article first published online December 14th 2023 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórn máll & stjórnsýsla 2. tbl. 19. árg. 2023 (107-130) Fræðigreinar

© 2023 Tengiliður: Sigrún Ólafsdóttir, sigruno@hi.is

Vefbirting 14. desember 2023 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2023.19.2.2>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

in a more comprehensive manner than previously, how individual position in the Icelandic stratification system shapes political trust. The data come from the Icelandic Social Science Survey gathered in 2020. The findings are interpreted by drawing on the class theory of French sociologist, Pierre Bourdieu, which holds that class position is not only shaped by economic capital, but also cultural, social, and symbolic capital. Moreover, we introduce new measures of these major dimensions of capital. Our findings suggest that economic capital (purchasing power) and symbolic capital (subjective prestige) increase political trust, partly because those with high levels of capital are less likely to consider income inequality in Iceland a problem.

Keywords: Political trust; forms of capital; inequality.

Inngangur

Í lýðræðisríkjum er traust almennings á stjórn málum grundvallarforsenda árangursríkra stjórn mála. Án þessa trausts styður fólk síður stefnumál sem gætu ógnað hagsmunum eða skoðunum þeirra á einhvern hátt eða krefjast persónulegra fórna (Rudolph 2017). Þá benda rannsóknir til þess að traust á stjórn málum geri stjórn málaflokkum auðveldara að lenda erfiðum stefnumálum (Citrin & Stoker 2018). Til dæmis benda erlendar rannsóknir til þess að það séu einkum þau sem treysta stjórn málu sem skipta um skoðun (Fairbrother, Seva & Kulin 2019). Loks virðist traust til stjórn mála ýta undir kosningaþátttöku borgaranna (Grönlund & Setälä 2007). Í þessu sambandi var ein alvarlegasta afleiðing efnahagshrunsins 2008 sú að atburðarrásin gróf undan trausti almennings á stjórn málu (Valur Ingimundarson, Urfalino & Irma Erlingsdóttir 2016). Dregið hefur úr stjórn mála trausti hérlendis síðan 2008 og það eru merki um að það hafi tekið lengri tíma að endurvinnna það en á hinum Norðurlöndunum (Sjöfn Vilhelmsdóttir & Gunnar H. Kristinsson 2018) þrátt fyrir hraðan efnahagsbata og tilraunir stjórn valda til að endurheimta traustið með sérstökum aðgerðum (Guðrún Johnsen & Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir 2018). Það er til marks um langvarandi áhyggjur af skorti á stjórn mála trausti hérlendis að þegar ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur var mynduð árið 2017 var sett á laggirnar sérstök nefnd til að auka traust almennings á stjórn málu. Þó sýna nýjustu rannsóknir fram á að traust sé hugsanlega að verða það sem það var fyrir efnahagshrunið, en þó gæti verið um ánægju vegna viðbráða stjórn valda við COVID-19 faraldrinum að ræða, líkt og virðist hafa gerst í öðrum löndum (Agnar F. Helgason o.fl. 2021).

Með hliðsjón af því hve stjórn mála traust er mikilvægt hefur fræðafólk auðkennt ýmsa einstaklingsbundna og samfélagslega þætti til að útskýra hvað mótar traust einstaklinga á stjórn málu. Þar má nefna þætti eins og almennt traust (Citrin & Stoker 2018), félagsmótun (Dalton & Shin 2014; Norris 2011), óánægju með stefnu stjórn valda (Achen & Bartels 2016) og niðursveiflur í efnahagslífinu (Hetherington & Rudolph 2015). Okkar áhersla í þessari rannsókn er að beita félagsfræðikenningum til að skilja stjórn mála traust og við gerum það á tvennan hátt. Í fyrsta lagi liggur framlag okkar í vildtækari mælingu á því hvernig staða einstaklinganna í lagskiptingu samfélagsins tengist trausti þeirra á stjórn málu. Það má færa rök fyrir því að dýpri skilningur á stéttum hafi

orðið mikilvægari í nútímasamfélögum, meðal annars sökum aukins félagslegs hreyfanleika og samfara aukinni velsæld (Evans & de Graaf 2013). Þetta sjónarmið samræmist einnig niðurstöðum íslenskra rannsókna á kosningahegðun, en þar hefur verið sýnt fram á að ný tegund stéttaskiptingar hefur komið fram, sérstaklega eftir efnahagshrunið 2008 (Agnar F. Helgason 2018).

Til að ná dýpri mælingum á lagskiptingu útfærum við stéttakenningu franska fræðimannsins Pierres Bourdieu sem hverfist um mismunandi tegundir *auðmagns*. Nánar tiltekið kveður kenningin á um að stéttarstaða einstaklinga ráðist af efnahagslegu, menningarlegu, félagslegu og táknrænu auðmagni viðkomandi. Í samræmi við fyrri rannsóknir á tengslum stéttarstöðu og stjórnmálatrausts gerum við almennt ráð fyrir því að einstaklingar sem búa yfir meira auðmagni hafi meira traust á stjórnmálum (Sjöfn Vilhelmsdóttir 2020). Í öðru lagi leitum við skýringa á jákvæðri fylgni auðmagns og stjórnmálatrausts. Við getum okkur þess til að þau sem hafa minna auðmagn treysti stjórnmálum síður því þau upplífi meiri ójöfnuð í samfélaginu en þau sem meira auðmagn hafa. Við skoðum þessa hugmynd með því að skoða hvernig viðhorf til ójafnaðar tengist trausti á stjórnmálum. Við væntum þess að þau sem hafa minna auðmagn séu óánægðari með ójöfnuð og treysti því stjórnmálunum síður en þau sem meira auðmagn hafa. Þannig tókum við tillit til háværra krafna í íslensku samfélagi um aukinn jöfnuð, sem endurspeglast meðal annars í mótmælum gagnvart stjórnmálaflokkum og valdaelítum landsins (Jón Gunnar Bernburg 2019).

Í stuttu máli setjum við fram tvær megin rannsóknarspurningar: 1) Hvernig tengjast helstu víddir auðmagns trausti á stjórnmálum? og 2) Að hve miklu leyti skýra viðhorf til ójafnaðar þetta samband auðmagns og stjórnmálatrausts? Við notum gögn úr Íslensku félagsvísindakönnuninni (Icelandic Social Survey, ISS) sem lögð var fyrir af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands árið 2020. Þessi könnun er hluti af Alþjóðlegu viðhorfakönnuninni (International Social Survey Programme) en ásamt því að leggja hana fyrir í heild, er um að ræða fjölda spurninga sem einungis voru lagðar fyrir á Íslandi, þar á meðal spurningar um traust til stjórnmála, helstu víddir auðmagns og viðhorf til ójafnaðar. Markmið okkar er að útskýra hvernig staðsetning einstaklinga í lagskiptingu samfélagsins og tengd upplifun þeirra af ójöfnuði í samfélaginu móta traust þeirra til stjórnmála. Framlag okkar til rannsókna á stjórnmálatrausti er tvíþætt. Í fyrsta lagi aðgerðabindum við kenningu Bourdieus um auðmagn og þróum þannig dýpri mælingar á stöðu einstaklinga í lagskiptingu samfélagsins. Í öðru lagi skoðum við hvort ein ástæða þess að þau sem hafa minna auðmagn hafa minna stjórnmálatraust sé sú að þau upplífi ójöfnuð í samfélaginu sem meira vandamál en þau sem meira auðmagn hafa.

1. Auðmagn og traust til stjórnmála

Rannsóknir á trausti til stjórnmála leita oft í smiðju félagsfræðinnar um hvernig einstaklingar læra ákveðin gildi og viðmið (Sjöfn Vilhelmsdóttir 2020). Þó að um flókin ferli sé að ræða, þá koma mismunandi viðhorf oft fram hjá hópum eftir félagslegum klofningsþáttum, s.s. kyni, menntun og tekjum. Almennt sýna rannsóknir að einstaklingar í hærri þjóðfélagsstöðu hafa meira traust til stjórnmála (Mayne & Hakhverdin 2017; Schoon &

Cheng 2011) og sama á við hérlendis, en rannsókn Sjáfnar Vilhelmsdóttur (2020) sýndi að, auk aldurs og kyns, hafa aukin menntun og hærri tekjur jákvæð tengsl við traust á stjórnmálum.

Samband félagslegra þátta og stjórnmálatrausts er hins vegar ekki einhlítt. Til dæmis sýna rannsóknir að menntun hefur jákvætt samband við traust til stjórnmála í löndum þar sem spilling er lítil en aftur á móti rýrir herra menntunarstig traust í löndum þar sem spilling er mikil (Mayne & Hakhverdin 2017). Til að skilja betur áhrif hárrar félagslegrar stöðu á stjórnmálatraust hafa stjórnmálafræðingar sett fram kenningar sem kafa dýpra í hvað það er við menntun eða háa félagslega stöðu sem eykur til traust til stjórnmála. Þar hefur til dæmis verið bent á að þau sem eru meira menntaðuð hafi betra aðgengi að stjórnmálum og að hið stjórnmálalega og félagslega kerfi sem er til staðar gagnist þeim betur en þeim sem hafa lægri félagslega stöðu (Dalton 2004, 2005). Annað fræðafólk hefur tekið undir þetta, meðal annars með því að vísa til þess að menntun búi til hinn gagnrýnt þenkjandi borgara sem krefst meira af kerfinu en samþykkir það engu að síður í grundvallaratriðum (Norris 2011). Þannig hefur því verið haldið fram að aukinn munur á stjórnmálatrausti milli fólks með háar tekjur og lágur tekjur geti einkennst af því að þau tekjulægri upplifi að kerfið virki ekki fyrir þau og hallast því að öðrum kostum (Newton, Stolle & Zmerli 2018).

En þá er mikilvægt að velta fyrir sér hvernig við mælum félagslega stöðu á sem nákvæmastan hátt og að rannsóknir endurspegli lagskiptingu samfélagsins sem best. Eins og í fyrri rannsóknum (Sjöfn Vilhelmsdóttir & Gunnar H. Kristinsson 2018; Sjöfn Vilhelmsdóttir 2020) skoðum við hefðbundna félagslega þætti, svo sem aldur, kyn og menntun, en við teljum mikilvægt að greina á dýpri hátt mörk á milli ólíkra hópa í íslensku samfélagi. Þetta gerum við með því að leita í smiðju franska félagsfræðingsins Pierre Bourdieu og skoða stöðu einstaklingsins í lagskiptingunni ekki sem einvitt fyrirbæri heldur sem afsprengi efnahagslegs, menningarlegs, félagslegs og táknræns auðmagns. Megin markmið okkar er að skoða hvort að þessar mismunandi tegundir auðmagns móti traust einstaklinga á stjórnmálum í íslensku samfélagi.

Bourdieu (1984) gerir ráð fyrir því að það auðmagn sem einstaklingar hafa til umráða ákvarði stöðu þeirra í lagskiptingu samfélagsins. Bourdieu leggur áherslu á að *efnahagslegt auðmagn* (eignir, tekjur, auður) liggi til grundvallar öðrum víddum auðmagns sem einnig ákvarða stöðu einstaklinga og veita þeim brautargengi í samfélaginu. Þannig vísar *menningarlegt auðmagn* til þeirrar færni, smekks og þekkingar sem metin eru til verðleika í ákveðnu félagslegu samhengi. *Félagslegt auðmagn* vísar til félagslegra tengsla sem geta veitt einstaklingum aðgang að mikilvægum gæðum. Til dæmis geta nán tengsl við áhrifamikið fólk veitt aðgang að fjármagni eða góðu starfi. Loks er það *táknræna auðmagn*nið, en sú vídd auðmagns vísar til þeirrar virðingar sem einstaklingar geta fengið í krafti þess efnahagslega, menningarlega eða félagslega auðmagns sem þeir búa yfir (Bourdieu 1989). Þetta hefur meðal annars verið notað í íslenskum rannsóknum á eftirfarandi hátt: „Þeir sem teljast hafa táknrænan auð mynda elítu eða yfirstétt vettvangsins í þeim skilningi að þeir njóta nægilega mikillar virðingar innan hans til að vera færir um að móta og breyta leikreglum á vettvangi“ (Berglind R. Magnúsdóttir & Hafdís Gísladóttir 2017, 5).

Bourdieu gerir ráð fyrir því að efnahagslegt auðmagn sé grunnurinn að öðrum tegundum auðmagns. Efnahagslegt auðmagn endurspeglar fjárhagsstöðu einstaklingsins en hún getur verið sterk af ýmsum ástæðum, hvort sem það eru háar tekjur, miklar eignir eða arfur. Þótt tekjur séu mikilvæg mæling á fjárhagsstöðu þá hefur sú mæling verið gagnrýnd þar sem að hún lýsir raunverulegum fjárhag einstaklinga oft illa. Til dæmis getur einstaklingur með tiltölulega lágar tekjur átt meiri eignir en annar sem hefur hærri tekjur (Chauvel o.fl. 2019). Við komum til móts við þessa gagnrýni með því að mæla huglægan kaupmátt, það er með því að mæla hversu auðvelt fólk telur sig eiga með að kaupa hluti innan tiltölulega stutts tímaramma. Þannig mælum við mat einstaklinga á eigin kaupmætti, þar sem viðkomandi taka ekki einungis tillit til mánaðarlegra tekna heldur einnig til eigna, fjármagns í banka og fjárhagslegra skuldbindinga. Með því getum við mælt betur ólíka efnahagslega stöðu hópa á Íslandi en með því að skoða einungis tekjur.

Samkvæmt Bourdieu (1984) nota einstaklingar og hópar menningarlegt auðmagn sitt til að aðgreina sjálfa sig sem æðri í ákveðnu félagslegu samhengi, til dæmis með því að eiga mikils metna hluti eða hafa hátt metin áhugamál. Bourdieu skiptir menningarlegu auðmagni í þrennt. Í fyrsta lagi er það framkoma, til að mynda orðaforði og tungutak. Í öðru lagi eru það hlutirnir sem einstaklingar eiga, til að mynda bækur og listmunir. Að lokum er það stofnanabundið menningarlegt auðmagn en þar er átt við þá formlegu hæfni sem einstaklingar hafa öðlast vegna menntunnar og starfs. Eins og kemur fram hér að ofan hafa margar rannsóknir skoðað áhrif menntunnar á traust til stjórnmála og hafa niðurstöðurnar verið blendnar, en hér skoðum við einnig hvort að hið óformlega menningarlega auðmagn sem einstaklingar hafa skipti máli fyrir traust til stjórnmála. Við mælum formlegt menningarlegt auðmagn með menntun en hið óformlega með þáttum sem eru metnir sérstaklega að verðleikum, það er hvort einstaklingur leggi stund á „hámenningu“ (t.d. lestur bóka og ásókn í listviðburði).

Félagslegt auðmagn vísar til félagslegra tengsla við einstaklinga sem hafa mikið auðmagn (Bourdieu 1984). Leiða má líkur að því að Ísland sé ólíkt stærri þjóðum að því leyti að almenningur er líklegri til að þekkja aðila í valdastöðum en annars staðar. Þetta gerir okkur kleift að skoða með beinum hætti tengsl almennings inn í mennta-, stjórnmála-, og viðskiptaelítuna á Íslandi með því að skoða hvort fólk þekki til dæmis alþingismann, forstjóra stórs einkafyrirtækis eða þjóðþekktan listamann/konu.

Efnahagslegt, menningarlegt og/eða félagslegt auðmagn hjálpa einstaklingum að öðlast táknrænt auðmagn. Nánar til tekið: Þegar þessar víddir auðmagns eru viðurkenndar af öðrum skapast virðing sem greiðir götu einstaklinga (Bourdieu 1984). Að þessu leyti má sjá félagsveruleikann bæði sem hlutlægan, þar sem hægt er að mæla með beinum hætti hvað við höfum, gerum eða eigum, en líka sem huglægan, þar sem einstaklingar notfæra sér táknræna merkingu hluta til að gera sig gildandi í samfélaginu. Rannsóknir hafa sýnt að þau sem standa hærra í samfélagsstiganum geta haft meiri áhrif í stjórnmálum en það leiði í kjölfarið til aukins stjórnmálatrausts (Haugsgjerd 2018). Það að nota táknrænt auðmagn dýpkar skilning okkar á hvernig fólk upplifir stöðu sína og þá sérstaklega hvort að það upplifi möguleika á að nota hana til að koma sínum sjónarmiðum og/eða hagsmunum á framfæri. Við mælum táknrænt auðmagn með upplifun

fólks á hvernig það geta notað stöðu sína til að ná árangri á mismunandi sviðum, til dæmis hvort það telji sig getað notað þá virðingu sem það upplifir þannig að það nái frekar athygli í fjölmiðlum eða eyrum mikilvægra aðila í samfélaginu.

Við setjum fram fjórar megin tilgátur um tengsl auðmagns við stjórn mála traust sem allar gera ráð fyrir því að þau sem búa yfir meira auðmagni treysti stjórn málaunum betur. Þó að almenna kenningin sé sú að aukið auðmagn, á hvaða vídd sem er, auki traust til stjórn mála, er mikilvægt að meta af hverju mismunandi víddir auðmagns ættu að hafa áhrif á stjórn mála traust. Efnahagslegt auðmagn gefur fólki áhrif í gegnum peninga eða önnur fjárhagsleg verðmæti sem er líklegt að það upplifi sem möguleika til að hafa áhrif á að koma sínum hagsmunum áfram innan kerfisins. Menningarlegt auðmagn ætti að auka pólitískt traust vegna þess að það gerir einstaklingnum hærra undir höfði í núverandi kerfi. Þannig má gera ráð fyrir því að bæði stofnanabundið menningarlegt auðmagn (þ.e. háskólamenntun) og innvarpað menningarlegt auðmagn (þ.e. smekkur fyrir „hámenningu“) séu metin að verðleikum í ríkjandi kerfi. Félagssleg tengsl, eins og við mælum þau, veita fólki aðgengi að valdaaðilum samfélagsins, hvort sem það er á sviði stjórn mála, viðskipta eða menningar, og þessi tengsl ættu að leiða til aukins trausts. Að lokum þá koma þessar mismunandi tegundir auðmagns saman í táknrænu auðmagni, sem endurspeglar þá virðingu sem fólk telur sig hafa í samfélaginu og þá trú að það geti raunverulega haft áhrif. Þar af leiðandi ættu þau sem upplifa að þau hafi táknrænt auðmagn að treysta stjórn málaunum betur. Almennt má segja að auðmagn veiti einstaklingum þá tilfinningu að kerfið, þar með talið stjórn mála kerfið, virki fyrir þá. Þar af leiðandi setjum við fram eftirfarandi tilgátur:

- 1.1. *Þau sem hafa meira efnahagslegt auðmagn bera meira traust til stjórn mála en þau sem hafa minna efnahagslegt auðmagn.*
- 1.2. *Þau sem hafa meira menningarlegt auðmagn bera meira traust til stjórn mála en þau sem hafa minna menningarlegt auðmagn.*
- 1.3. *Þau sem hafa meira félagslegt auðmagn bera meira traust til stjórn mála en þau sem hafa minna félagslegt auðmagn.*
- 1.4. *Þau sem hafa meira táknrænt auðmagn bera meira traust til stjórn mála en þau sem hafa minna táknrænt auðmagn.*

2. Ójöfnuður og traust til stjórn mála

Listhaug (1995) staðhæfir að hópamunur á stjórn mála trausti sé oft skammvinnur, meðal annars vegna þess að hann endurspeglar óánægju með ákveðin stefnumál sem hafa ólík áhrif á mismunandi hópa. Það má leiða rök fyrir að viðhorf til ójafnaðar gætu markað gjá af þessu tagi í íslensku samfélagi. Lengi var litið svo á að ójöfnuður væri lítill á Íslandi og á seinni hluta 20. aldar voru hugmyndir um Ísland sem stéttlaust samfélag útbreiddar (Þorbjörn Broddason & Webb 1975) og var slagorð stærsta flokksins í íslenskum stjórn málaunum lengi stétt með stétt. Aukinn efnahagslegur ójöfnuður á uppgangstíma nýfrjáls-

hyggjunnar fram að Hruni (Stefán Ólafsson & Arnaldur S. Kristjánsson 2017) gróf undan þessum hugmyndum (Guðmundur Oddsson, 2016). Að auki sýna nýlegar rannsóknir Stefáns Ólafssonar (2022) að vinstri flokkar náðu ekki jafnmiklum áhrifum hér á landi og á hinum Norðurlöndunum, sem meðal annars skilaði sér í umfangsminna velferðarkerfi og skattkerfi sem gengur styttra í að endurdreifa efnahagslegum gæðum.

Ef hugmyndir um ójöfnuð eru skoðaðar sýnir greining á stéttaorðræðu á Alþingi og í *Morgunblaðinu* frá 1986 til 2012 fram á vaxandi áhyggjur af stéttamun samfara auknum ójöfnuði og harðari gagnrýni á þá hugmynd að Ísland sé stéttlaust samfélag (Guðmundur Oddsson 2016). Þetta rímar einnig við aukna stéttavitund meðal íslensks almennings en Guðmundur Oddsson (2010) sýnir fram á að Íslendingar voru töluvert meðvitaðir um eigin stéttarstöðu á kjölfar efnahagshrunsins 2008. Listhaug (1995) hefur bent á að félagslegir þættir skýri betur skammtímabreytingar á trausti, sem geta til dæmis tengst því hvernig ákveðin stefnumál hafa áhrif á mismunandi hópa í samfélaginu. Þetta hefur mátt sjá á Íslandi á síðasta áratug, til dæmis í hrinu mótmæla í kjölfar Hrunsins (Jón G. Bernburg 2019) og opinberun Panamaskjalanna (Jón G. Bernburg 2022) og í átökum á vinnumarkaði (Sjöfn Vilhelmsdóttir 2020). Þegar svona aðstæður skapast kann að skapast gjá milli hópa (Listhaug 1995), þar sem ákveðnir hópar upplifi að kerfið virki fyrir sig á meðan aðrir telja að það sé þeim andsnúið sem leiðir til höfnunar á kerfinu í heild. Rannsóknir á hvernig stéttir móta kosningahegðun á Íslandi styðja þetta, en á meðan rannsóknir á fyrri hluta 21. aldarinnar gáfu til kynna að stétt skipti tiltölulega litlu máli fyrir kosningahegðun á Íslandi (Indriði Indriðason o.fl. 2017) sýnir Agnar F. Helgason (2018) fram á að stétt hafi farið að skipta máli á nýjan hátt, sérstaklega í kjölfar Hrunsins, bæði vegna aukins ágreinings um efnahagsleg málefni en líka vegna þess að nýir flokkar komu fram á sjónarsviðið. Þar greinir hann á milli lóðréttrar og lágréttrar stöðu, þar sem hið fyrrnefnda er nær hefðbundnum stéttaátökum (mismunandi efnahagslegar bjargir) en hið síðarnefnda greinir fíngerðari mun á milli stétta sem eru á svipudum stað í lagskiptingu samfélagsins en eru ólíkar í hvernig þær líta á samfélagsgerðina og hvað er æskilegt.

Rannsóknir hafa tengt traust á stjórnmálum við bæði raunverulegan ójöfnuð og upplifun á ójöfnuði. Sú niðurstaða að það sé meiri hópamunur varðandi stjórnmálatraust í ójafnari samfélögum kann að stafa af því að vantraust er almennt meira í ójafnari samfélögum og flestir hópar upplifa neikvæðar afleiðingar ójafnaðar á eigin skinni, t.d. með að sjá aukið heimilisleysi eða aukna glæpastarfsemi (Goubin & Hogghe 2020). Bent hefur verið á að viðhorf fólks til ýmissa þátta í samfélaginu, þar með talið hvernig það upplifir traust, mótist af þeirra eigin hagsmunum. Þó að útvíkkun okkar á að mæla sérstaklega áhrif fjögurra vídda auðmagns gefi möguleika á að auka skilning á hvað nákvæmlega það er við bakgrunn fólks sem hefur áhrif á stjórnmálatraust, þá taka þær ekki á því sem hefur verið nefnt hin siðferðislega vídd ójafnaðar (Etzioni 1988) en þar er lögð áhersla á að almenningur geti stjórnað af siðferðisvitund en ekki einungis eigin hagsmunum. Þetta þýðir að fólk vilji almennt búa í samfélögum sem það upplifir sem réttlát og að þetta eigi við um bæði þá sem meira hafa og minna (Jost o.fl. 2003). Þetta

hefur meðal annars komið fram í meiri trú fólks á verðleikakerfinu í ójafnari samfélögum (Mijs 2019) og að fólk meti raunverulegan ójöfnuð minni en hann er í raun (Curtis & Andersen 2015).

Í framhaldinu er mikilvægt að benda á rannsóknir sem hafa sýnt að það eru einmitt væntingar fólks til ójafnaðar, frekar en raunverulegur ójöfnuður, sem hefur mikilvægar afleiðingar fyrir stjórn mála og stefnumótun (Gimpelson & Treisman 2018). Þar hafa stjórn málafræðingar jafnvel gengið svo langt að halda því fram að „flestar kenningar um áhrif ójöfnuðar um stjórn mála þurfi að vera endurskoðaðar sem kenningar um áhrif af upplifun á ójöfnuði“ (Gimpelson & Treisman 2018, 27). Þannig sýndi samanburðar-rannsókn á 28 Evrópulöndum fram á að þau sem telja að stjórnvöld eigi að draga úr tekjumun hafa minna traust til stjórn mála (Goubin & Hogghe 2020) og niðurstöður frá Kína hafa sýnt að þau sem eru óánægð með ójöfnuð bera minna traust til stjórnvalda (Lei 2020). Út frá íslenskum raunveruleika þar sem ójöfnuður hefur birst sterkar í orðræðu undanfarna áratugi (Guðmundur Oddsson 2016), félagslegsleg og efnahagsleg staða hefur orðið mikilvægari í stjórn málum (Agnar F. Helgason 2018) og visbendingar eru um að ójöfnuður hafi aukist eftir hrun (Stefán Ólafsson 2022) og rannsóknarniðurstöðum um mikilvægi upplifunar á ójöfnuði við að móta stjórn mála traust, setjum við fram tvær tilgátur.

- 2.1. *Einstaklingar sem hafa meira efnahagslegt auðmagn upplifa síður að tekju-ójöfnuður sé of mikill í samfélaginu.*
- 2.2. *Upplifun á tekjuójöfnuði skýrir að einhverjum hluta (eða „miðlar“) tengsl efnahagslegs auðmagns við stjórn mála traust.*

3. Aðrir þættir sem hafa áhrif á traust til stjórn mála

Eins og áður hefur komið fram hafa þau sem búa betur félagslega og efnahagslega almennt meira stjórn mála traust en aðrir. Sjöfn Vilhelmsdóttir (2020) skoðaði sérstaklega áhrif aldurs og kyns og sýndi fram á að þau sem eldri eru og konur hafa meira traust til stjórn mála heldur en þau sem yngri eru og karlar. Þessir þættir skýra tiltölulega lítið af dreifingu á stjórn mála trausti, en engu að síður er mikilvægt að hafa þá með. Þar sem áhersla okkar er ekki á þessar breytur þá setjum við ekki fram beinar tilgátur hvað þær varðar en búumst við niðurstöðum í samræmi við fyrri rannsóknir. Þannig væntum við þess að þau sem eldri eru og konur hafi meira traust til stjórn mála en þau sem yngri eru og karlar. Við stjórnnum einnig fyrir búsetu, hjúskaparstöðu, uppruna, fjölda á heimili og atvinnustöðu. Þar sem rannsóknir hafa lagt áherslu á tengsl almenns trausts og traust til stjórn mála (Liu & Stolle 2017; Newton 1999; Newton o.fl. 2018; Rothstein & Stolle 2008; Zmerli & Newton 2011) sem og að hafa stutt þá flokka sem standa uppi sem sigurvegarar og komast í ríkisstjórn (Anderson & Guillory 1997; Anderson & Tverdova 2001; Dahlberg & Linde 2016; Holmberg o.fl. 2017; Norris 2011) gerðum við allar greiningar þar sem stjórn að var fyrir þessum breytum en þær niðurstöður eru sambærilegar þeim sem við kynnum hér.¹

4. Aðferðir og gögn

Við notum gögn úr Íslensku Félagsvísindakönnuninni (ISSP) sem var safnað samhliða Alþjóðu viðhorfakönnuninni (International Social Survey Programme, ISSP árin 2019 og 2020). Þýðið samanstóð af öllum Íslendingum 18 ára og eldri og eru ekki á stofnunum. Úrtak var valið úr þýði þjóðskrár og notaðir voru klasar utan höfuðborgarsvæðisins þar sem 17 klasar voru valdir og slembiúrtak tekið úr þeim. Könnunin var upphaflega heimsóknakönnun, en sökum Covid-19 heimsfaraldursins var nauðsynlegt að aðlaga gagnasöfnun. Sökum þessa var gögnum safnað bæði með símaviðtölum og myndsamtölum í tölvu. Alls var talað við 1227 svarendur og var svarhlutfall 39%. Í töflu 1 má sjá lýsandi tölfræði fyrir allar breytur sem notaðar voru í greiningunni. Taflan sýnir að breyturarnar sem unnið var með ríma ágætlega við opinberar tölur um íslensku þjóðina, að því undanskildu að hlutfall menntaðra er of hátt. Þannig voru 35,8% þjóðarinnar með háskólagráðu (18 ára og eldri) árið 2020 (Hagstofa Íslands, 2020a), samanborið við 47% í gögnunum. Betra samræmi er á milli íbúa og gagna varðandi kyn og búsetu, en samkvæmt Hagstofunni voru konur 49% af þjóðinni (Hagstofa Íslands, 2020b), samanborið við 50% af svarendum okkar. Tæplega 64% búa á Reykjavíkursvæðinu (Hagstofa Íslands 2020a) en eru 61% í okkar gögnum.

4.1 Háð breyta: Traust á stjórnámálum

Við skoðum traust til stjórnmála út frá trausti á stjórnmálafólki og á Alþingi. Um er að ræða tvær mikilvægar víddir trausts sem saman gefa heildarmynd af stjórnmálatrausti í íslensku samfélagi. Viðhorf til stjórnmálafólks geta tengst tilteknum einstaklingum, ákvörðunum eða atburðum, en viðhorf til Alþingis endurspeglar kannski að auki traust til stofnanna samfélagsins og lýðræðisins. Þetta er í anda rannsókna Sjafnar Vilhelmsdóttur og Gunnars H. Kristinssonar (2018) sem benda til þess að íslenskur almenningur hafi kennt stjórnmálafólki um Hrunið og ástand efnahagsmála án þess að missa allt traust á stjórnmálakerfinu (reyndar fyrir utan Alþingi rétt eftir hrun).

Við mælum traust til stjórnmála með tveimur kvörðum, annars vegar kvarða sem mælir hve mikið svarendur treysta Alþingi og hins vegar kvarða sem mælir traust svarenda á stjórnmálamönnum. Svarmöguleikar voru frá treysti alls ekki (0) og upp í treysti fullkomlega (10). Spurningarnar voru lagðar saman og breytt í z-gildi. Pearson fylgni milli kvarðanna er 0,84.

4.2 Óháðar breytur: Mismunandi víddir auðmagns og viðhorf til ójafnaðar

Breyturarnar sem við notum til að mæla fjórar mismunandi víddir auðmagns byggja á kenningum Pierre Bourdieu (1986, 1989). Efnahagslegt auðmagn var mælt með annars vegar heimilistekjum og hins vegar kaupmætti á grunni sex spurninga ($\alpha = .89$) sem meta hversu auðvelt eða erfitt það væri fyrir svarendur að kaupa mismunandi vörur innan tiltekins tíma. Spurningarnar eru: 1) kaupa mér árskort í líkamsræktarstöð (um það bil 80.000 krónur); 2) borga 30.000 krónur í tannlæknakostnað núna; 3) kaupa mér bíl sem kostar að minnsta kosti 7-8 milljónir á næstu sex mánuðum; 4) fara að minnsta

Tafla 1. Lýsandi tölfraði fyrir allar breytur

	Meðal- tal	Staðal- frávik	Lágmarks gildi	Hámarks gildi
Lýð- og atvinnustaða				
Aldur	50,25	17,34	18	98
Konur	0,50	0,50	0	1
Reykjavíkursvæði	0,61	0,49	0	1
Í sambúð / Hjónaband	0,31	0,46	0	1
Erlendur uppruni	0,04	0,19	0	1
Fjöldi á heimili	2,85	1,48	1	9
Atvinnustaða				
Í fullu starfi (samanburður)	0,67	0,47	0	1
Atvinnulaus	0,04	0,19	0	1
Í námi	0,07	0,25	0	1
Örorka	0,05	0,21	0	1
Eftirlaun	0,17	0,38	0	1
Efnahagslegt auðmagn				
Heimilistekjur	10,19	4,35	1	18
Kaupgeta (z-stig)	0,00	1,00	-2,44	1,86
Atvinnustétt				
Stjórnendur, sérfræðingar (samanburður)	0,53	0,50	0	1
Millistéttastarfsfólk	0,21	0,41	0	1
Ófaglært starfsfólk	0,26	0,44	0	1
Menningarlegt auðmagn				
Menntun				
Grunnskólamenntun (samanburður)	0,78	0,42	0	1
Háskólamenntun	0,47	0,50	0	1
Starfs- eða framhaldsmenntun	0,31	0,46	0	1
Hámenning (z-stig)	21.26	7.91	2	41
Félagslegt auðmagn (z-stig)	0,00	1,00	-1,21	5,01
Táknrænt auðmagn (z-stig)	0,00	1,00	-2,73	3,01
Upplifa ójöfnuð sem vandamál (z-stig)	0,00	1,00	-0,95	3,54
Traust til stjórnmála (z-stig)	0,00	1,00	-2,26	2,37

kosti einu sinni í viku út að borða fyrir 15.000 krónur eða meira (fyrir einn); 5) kaupa nýjan ísskáp fyrir 100.000 krónur núna; og 6) hjálpa nákomnum aðila (t.d. barni eða vin) að greiða fyrstu innborgun í húsnæðis kaupum (9-10 milljónir). Svarmöguleikarnir voru ómögulegt, mjög erfitt, frekar erfitt, frekar auðvelt og mjög auðvelt. Svörin voru lögð saman og breytt í z-gildi.

Menningarlegt auðmagn var mælt með: 1) formlegri menntun: grunnskólamenntun (notað til samanburðar), starfs- og framhaldsnám og háskólamenntun og; 2) ellefu spurningum sem mæla að hve miklu leyti svarendur kunna að meta hluti og athafnir sem

oft eru tengd við „hámenningu“ og hversu oft svarendur sækja viðburði sem tengjast slíkri menningu (Purhonen, Gronow & Rahkonen 2011). Við notum ellefu spurningar sem mæla slíkt auðmagn ($\alpha = .82$). Átta þeirra spyrja um hversu mikið svarendur meta hluti og athafnir sem tengjast hámenningu, en þær eru: 1) ég nýt þess að lesa bókmenntir; 2) ég kaupi mér oft bækur eða fæ þær lánaðar (þar með taldar rafbækur); 3) foreldrar mínir hvöttu mig reglulega til þess að lesa þegar ég var barn; 4) ég þekki verk klassískra tónskálda (t.d. Bach, Beethoven og Mozart); 5) ég nýt þess að hlusta á jazz tónlist; 6) Ég var vanur/vön því að fara í tónlistarkennslu eða listakennslu utan skólatíma; 7) ég nýt þess að hlusta á klassíska tónlist; og 8) ég kann að meta listform á borð við myndlist, klassíska tónlist og leiklist. Svarmöguleikarnir eru: á mjög illa við um mig, á frekar illa við um mig, á hvorki vel né illa við um mig, á frekar vel við um mig og á mjög vel við um mig. Þrjár spurningar spyrja svo hversu oft svarendur fara: 1) á söfn eða listasýningar; 2) í leikhús; og 3) á klassíska tónleika (t.d. símfóníu eða óperu). Svarmöguleikarnir eru aldrei, 1-2 sinnum á ári, 3-5 sinnum á ári, 6 sinnum eða oftar á ári. Spurningarnar eru lagðar saman og breytt í z-gildi.

Félagslegt auðmagn er mælt með tíu spurningum ($\alpha = .69$) og þar sem spurt er hvort svarendur þekki aðila sem gegna áhrifastöðum í samfélaginu sem og hversu vel þeir þekkja viðkomandi. Spurt var hvort svarendur þekkja einstakling sem: 1) gegnir eða hefur gegnt ráðherraembætti; 2) situr á Alþingi; 3) er sveitar-, bæjar-, eða borgarstjóri; 4) er ritstjóri fjölmiðils; 5) á miklar eignir (sem þú myndir halda að tilheyri 5% ríkustu Íslendingunum); 6) er þjóðþekkt/ur listakona/maður (t.d. leikstjóri, rithöfundur); 7) er háskólaprófessor; 8) er forstjóri í stóru einkafyrirtæki (t.d. Icelandair, VÍS eða Marel); 9) er forstjóri eða æðsti stjórnandi í stórríkisstofnun (t.d. Landspítalinn, Háskóli Íslands eða Vegagerðin); eða 10) er hátt settur stjórnandi í banka eða fjármálafyrirtæki. Svarmöguleikar voru: Nánasta fjölskylda (5), nánin/n vinur/vinkona (4), aðrir ættingjar (3), aðrir vinir/aðrar vinkonur eða kunningjar (2), einhver annar/önnur sem ég þekki (1) og engin/n (0). Spurningar voru kóðaðar þannig að svarendur fengu gildi í samræmi við tölur hér að ofan, þar sem meiri og nánari tengsl voru kóðuð hærra. Spurningarnar voru svo lagðar saman og breytt í z-gildi.

Táknrænt auðmagn er mælt með ellefu spurningum ($\alpha = .84$) sem meta hvort að svarendur upplifi að þeir geti notað stöðu sína í samfélaginu til að koma rödd sinni eða sjónarmiðum á framfæri. Spurt er hvort að staða svarenda í þjóðfélaginu auki líkurnar á að: 1) ég gæti komist til áhrifa í stjórnmálum; 2) lækni hlusti á sjónarmið mín þegar ég sæki mér heilbrigðisþjónustu; 3) starfsfólk á stofnunum (t.d. kennarar, embættismenn eða ritara) hlusti á mín sjónarmið; 4) starfsfólk í verslunum fallist á mín sjónarmið þegar ég kem með gallaða vöru; 5) ég fái aðra til að hlusta á hugmyndir mínar; 6) ég gæti komist áfram í viðskiptalífni; 7) ég gæti haft áhrif á stjórnmálamenn; 8) ég gæti fengið aðgengi að fjármagni til fjárfestinga; 9) ég fái boð á menningaratburði sem eru ekki öllum opnir (t.d. forsýningar eða móttökur); 10) ég gæti fengið tækifæri til að fara í viðtal í fjölmiðlum; og 11) ég gæti fangað athygli fólks á samfélagsmiðlum. Svarmöguleikarnir eru mjög ósammála, frekar ósammála, hvorki sammála né ósammála, frekar sammála og mjög sammála. Spurningarnar eru lagðar saman og breytt í z-gildi.

Til að mæla viðhorf til ójafnaðar er notuð ein spurning, þar sem spurt er hvort að svarendur upplifi að tekjumunur sé of mikill á Íslandi. Svarmöguleikar eru mjög ósammála, frekar ósammála, hvorki sammála né ósammála, frekar sammála og mjög sammála.

4.3 Stjórnbreypur

Í greiningunni stjórnnum við fyrir aldri, kyni (kona=1), hvort svarendur búi á höfuðborgarsvæðinu, hvort svarendur séu í sambúð eða hjónabandi, hvort svarendur séu af erlendum uppruna og hversu mörg búa á heimili. Við skoðum einnig: 1) atvinnustöðu þar sem greint er á milli þess að vera í fullu starfi (notað til samanburðar), atvinnulaus, í námi, á örorku eða á eftirlaunum og; 2) atvinnustétt sem skipt var í: Stjórnendur/ sérfræðinga (notað til samanburðar), millistéttarstarfsfólk og ófaglært starfsfólk.

5. Niðurstöður

Í töflu 2 eru birtar niðurstöður úr línulegri aðhvarfsgreiningu þar sem tilgátur um áhrifaþætti stjórn mála trausts eru prófaðar (sjá fylgni milli allra breyta í Viðauka 1). Eins og komið hefur fram benda fyrri rannsóknir almennt til þess að há félags- og efnahagsleg staða hafi jákvæð áhrif á stjórn mála traust (t.d., Sjöfn Vilhelmsdóttir 2020). Greining okkar fer fram í þremur skrefum. Fyrst skoðum við áhrif þjóðfélagsstöðu á stjórn mála traust með „hefðbundnum“ hætti, það er að segja með því að skoða áhrif menntunar, heimilistekna og atvinnustéttar á stjórn mála traust. Greiningin stjórnar jafnframt fyrir atvinnu- og lýðfræðilegri stöðu. Niðurstöður úr þessari greiningu eru birtar sem líkan 1 í töflu 2. Niðurstöðurnar styðja niðurstöður fyrri rannsókna: Einstaklingar sem hafa hærri stöðu í lagskiptingu samfélagsins treysta stjórn málaunum frekar (en kyn er reyndar undantekning). Þannig er traust á stjórn málaum marktækt meira meðal einstaklinga sem hafa háskólagráðu og meðal þeirra sem hafa hærri heimilistekjur. Þá treysta einstaklingar sem vinna ófaglærð störf stjórn málaunum marktækt síður. Auk þess vekur athygli að öryrkjar treysta stjórn málaum marktækt minna en starfandi. Loks hafa konur marktækt meira stjórn mála traust en karlar.

Megin markmið þessarar rannsóknar er ekki að endurtaka fyrri rannsóknir heldur að dýpka greiningu á tengslum þjóðfélagsstöðu og stjórn mála trausts. Eins og áður sagði gerir Bourdieu ráð fyrir því að staða einstaklingsins í lagskiptingu samfélagsins ákvarðist ekki aðeins af menntun, tekjum og starfsstétt heldur jafnframt af öðrum víddum auðmagns. Næsta skref í greiningu okkar á áhrifaþáttum stjórn mála traust er að bæta við fleiri víddum auðmagns. Þetta gerum við í líkani 2 þar sem við bætum við kaupgetu (sem felur í sér mikilvæga vídd efnahagslegs auðmagns), „hámenningu“ (sem felur í sér óformlegt menningarlegt auðmagn), elítutengslum (þ.e. félagslegt auðmagn) og virðingu (þ.e. táknrænt auðmagn). Megin tilgátur okkar (þ.e. tilgátur 1.1., 1.2., 1.3., og 1.4.) er sú að allar víddir auðmagns hafi jákvæð tengsl við stjórn mála traust.

Niðurstöður í líkani 2 styðja megin tilgátur okkar að hluta til. Skoðum efnahagslega auðmagnið fyrst. Heimilistekjur hafa í þessu samhengi ekki marktæk áhrif á stjórn mála traust, en þess í stað hefur kaupgeta marktæk tengsl við auknið stjórn mála traust. Þessi niðurstaða vekur athygli vegna þess að fyrri rannsóknir á stjórn mála trausti hafa einkum

Tafla 2. Tengsl lýð- og atvinnustöðu, auðmagns og upplifun á ójöfnuði við traust á stjórnámálum

	Líkan 1		Líkan 2		Líkan 3	
Lýð- og atvinnustaða						
Aldur	0,00	(0,00)	0,00	(0,00)	0,00	(0,00)
Konur	0,22**	(0,06)	0,32**	(0,07)	0,38**	(0,07)
Reykjavíkursvæði	-0,03	(0,06)	-0,05	(0,07)	-0,07	(0,07)
Sambúð/hjónaband	-0,10	(0,08)	-0,07	(0,09)	-0,12	(0,09)
Erlendur uppruni	0,11	(0,16)	0,10	(0,17)	0,06	(0,17)
Fjöldi á heimili	-0,01	(0,03)	0,01	(0,03)	-0,00	(0,03)
Atvinnustaða						
Atvinnulaus	-0,19	(0,16)	-0,15	(0,16)	-0,13	(0,16)
Í námi	0,26	(0,13)	0,33*	(0,14)	0,34*	(0,14)
Örorka	-0,64**	(0,15)	-0,48**	(0,17)	-0,48**	(0,17)
Eftirlaun	-0,02	(0,11)	0,07	(0,12)	0,03	(0,12)
Efnahagslegt auðmagn						
Heimilistekjur	0,02*	(0,01)	0,00	(0,11)	0,00	(0,01)
Kaupgeta	--		0,15**	(0,04)	0,11**	(0,04)
Atvinnustétt						
Millistéttastarfsfólk	-0,04	(0,09)	-0,10	(0,09)	-0,10	(0,09)
Ófaglært starfsfólk	-0,22	(0,09)	-0,22*	(0,09)	-0,22*	(0,09)
Menningarlegt auðmagn						
Hámenning	--		0,07	(0,04)	0,07	(0,04)
Menntun						
Háskólamenntun	0,30**	(0,09)	0,29**	(0,10)	0,27**	(0,10)
Starfs- og framhaldsmenntun	0,13	(0,09)	0,17	(0,09)	0,18*	(0,09)
Félagslegt auðmagn	--		0,02	(0,04)	0,00	(0,03)
Táknrænt auðmagn	--		0,08*	(0,03)	0,07*	(0,03)
Upplifa ójöfnuð sem vandamál	--		--		-0,18**	(0,03)
R ²	0,11		0,13		0,16	

Skýring: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$ (tvíhliðapróf); taflan birtir óstaðlaðar halltölur úr línulegri aðhverfsgreiningu og staðalvillur þeirra (í svigum).

skoðað tekjur sem meginvið efnahagsstöðu. Niðurstöður okkar sýna mikilvægi þess að mæla kaupgetu þegar staða einstaklinga í lagskiptingunni er skoðuð, enda geta samþærilegar tekjur falið í sér ólíkar efnahagslegar aðstæður (t.d. eftir því hvort einstaklingur á sitt eigið húsnæði eða ekki).² Athygli vekur að ófaglært starf hefur áfram neikvæð og

marktæk áhrif á stjórn mála traust og breytast þau áhrif ekki milli líkans 1 og 2. Ályktunin er sú að hvorki tekjur né kaupgeta, né aðrar víddir auðmagns í líkaninu, skýra hvers vegna ófaglærðir treysta stjórn málaunum minna. Aftur á móti virðast aðrar víddir auðmagns skýra hluta af ástæðu þess að öryrkjastaða dregur úr trausti á stjórn málaunum (metill fyrir áhrif öryrkjastöðu minnkar milli líkans 1 og líkans 2).

Skodum næst formlegt og óformlegt menningarlegt auðmagn. Eins og áður hefur formlegt menningarlegt auðmagn, það er háskólamenntun, tengsl við meira stjórn mála traust. Aftur á móti styðja niðurstöður ekki þá tilgátu að hámenning móti stjórn mála traust. Mögulega mótast staða einstaklinga í íslensku þjóðfélagi einfaldlega ekki mikið af því að tileinka sér slíka menningu. En það kemur okkur þó á óvart að hið sama virðist gilda um félagslegt auðmagn. Niðurstöður styðja ekki þá tilgátu að elítutengsl auki stjórn mála traust. Aftur á móti styðja niðurstöður tilgátu okkar um að táknrænt auðmagn tengist meira stjórn mála trausti. Þessi niðurstaða bendir til þess að eftir því sem einstaklingar telja stöðu sína í samfélaginu veita þeim meiri virðingu, þeim mun meira treysta þeir stjórn málaunum.

Í heild styðja niðurstöður úr líkani 2 mikilvægi þess að skoða mismunandi víddir auðmagns þegar verið er að skoða hvernig þjóðfélagsstaða mótar traust á stjórn málaunum. Mælingar á menntun, tekjum og atvinnustétt ná greinilega ekki utan um allar mikilvægar víddir auðmagns.

Síðasta skref í greiningunni er að skoða hvort áhrif efnahagslegs auðmagns á stjórn mála traust megi skýra með upplifun einstaklinganna á því hvort tekjuójöfnuður sé of mikill (sbr. tilgátu 2.1 og 2.2.). Eða með tungutaki tölfræðinnar skodum við hvort upplifun á ójöfnuði miðli áhrifum auðmagns á stjórn mála traust. Tilgáta okkar er sú að þau sem hafa meira efnahagslegt auðmagn treysti stjórn málaunum betur að hluta til vegna þess að viðkomandi upplifa tekjuójöfnuðinn í samfélaginu ekki of mikinn, enda henti núverandi fyrirkomulag þeim sjálfum vel. Við skodum þessa hugmynd í líkani 3 með því að bæta við mælingu á viðhorfi einstaklingsins gagnvart ójöfnuði á Íslandi. Til að prófar tilgátuna frekar skodum við líka tengsl auðmagns við upplifun á ójöfnuði í töflu 3, en þar gerum við ráð fyrir að þau sem minna efnahagslegt auðmagn hafi telji frekar að ójöfnuður sé mikið vandamál á Íslandi. Loks notum við Sobel próf (smb. Baron & Kenny, 1986) til að skoða tölfræðilega marktækt óbeina sambandsins (kaupmáttur > ójafnaðarviðhorf > stjórn mála traust).

Ef við byrjum á töflu 2, þá sýnir samanburður á líkani 2 og líkani 3 að jákvæð áhrif efnahagslegs auðmagns stjórn mála traust minnka verulega (þ.e. úr 0,15 í 0,11) þegar við bætum upplifun á ójöfnuði við líkanið. Þessi niðurstaða styður þá tilgátu að upplifun á ójöfnuði útskýri eða „miðli“ hluta af áhrifum kaupgetu á stjórn mála traust. Tilgátan er prófuð frekar í töflu 3. Ef upplifun af ójöfnuði skýrir áhrif auðmagns á stjórn mála traust ættu að koma fram tengsl milli auðmagns og upplifunar af ójöfnuði. Við prófum þetta í töflu 3 með því að skoða hvernig auðmagnid auk annarra óháðra breyta tengist upplifun einstaklinga af ójöfnuði. Niðurstöður sýna að kaupgetan hefur einmitt neikvæð og marktæk tengsl við þá upplifun að tekjuójöfnuður sé of mikill. Samsagt þau sem hafa meiri kaupgetu telja ójöfnuðinn í samfélaginu vera minna vandamál en þau sem hafa minni kaupgetu. Samkvæmt Sobel prófi má hafna núlltilgátu um óbeina sam-

bandið að minnsta kosti við 99 prósent öryggismörk (t -prófgildi = 4,15 fyrir óbeina sambandið -0,23*-0,18; $p < 0,01$). Í stuttu máli styðja niðurstöður tilgátu okkar um að ein ástæða þess að þau sem hafa meiri kaupgetu treysta stjórnmalunum betur er að þau telja ójöfnuð í samfélaginu vera minna vandamál. Þannig virðist traust á stjórnmalum að hluta til mótast af hagsmunum þeirra sem hafa meira á milli handanna.

En aðrar niðurstöður í töflu 3 eru líka áhugaverðar. Athygli vekur að atvinnustaða, tekjur og menntun hafa ekki marktæk tengsl við upplifun á ójöfnuði. En þó kemur fram

Tafla 3. Tengsl lýð- og atvinnustöðu og auðmagns við þá upplifun að ójöfnuður sé mikið vandamál á Íslandi

Lýð- og atvinnustaða			
Aldur	0,01	**	(0,03)
Konur	0,30	**	(0,07)
Reykjavíkursvæði	-0,15	*	(0,07)
Sambúð/hjónaband	-0,24	**	(0,09)
Erlendur uppruni	-0,22		(0,17)
Fjöldi á heimili	-0,04		(0,03)
Atvinnustaða			
Atvinnulaus	0,07		(0,17)
Í námi	0,07		(0,14)
Örorka	0,03		(0,17)
Eftirlaun	-0,17		(0,12)
Efnahagslegt auðmagn			
Heimilistekjur	-0,02		(0,01)
Kaupgeta	-0,23	**	(0,04)
Atvinnustétt			
Millistéttastarfsfólk	-0,01		(0,09)
Ófaglært starfsfólk	-0,06		(0,09)
Menningarlegt auðmagn			
Hámenning	0,00		(0,0)
Menntun			
Háskólamenntun	-0,11		(0,10)
Starfs- og framhaldsmenntun	0,06		(0,09)
Félagslegt auðmagn	-0,08	*	(0,04)
Táknrænt auðmagn	-0,03		(0,04)
R ²	0,15		

Skýring: * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$ (tvíhliðapróf); taflan birtir óstaðlaðar halltölur úr línulegri aðhvarfsgreiningu og staðalvillur þeirra (í svigum).

að þau sem hafa mikið félagslegt auðmagn (þ.e. eru betur tengd við elítuhópa) sjá tekju-ójöfnuð síður sem of mikinn. Þá kemur fram að þau sem eru eldri og konur eru líklegri til að telja að tekjuójöfnuður sé of mikill á Íslandi en þau sem búa á Reykjavíkursvæðinu og eru í sambúð eða hjónabandi eru síður líkleg til að telja að svo sé. Í stuttu máli styðja niðurstöður þá hugmynd að ein ástæða þess að einstaklingar sem hafa mikið efnahagslegt auðmagn treysta stjórnmálunum betur sé sú að þeir einstaklingar hafa tilhneigingu til þess að upplifa ójöfnuðinn í samfélaginu sem réttlátan, enda hentar núverandi fyrirkomulag þeim sjálfum ágætlega að þessu leyti.

6. Umræður

Í þessari grein lögðum við upp með tvær rannsóknarspurningar. Í fyrsta lagi spurðum við hvort auðmagn einstaklinga tengist trausti þeirra á stjórnmálum hérlendis og í öðru lagi hvort upplifun einstaklinga af ójöfnuði skýri þessi tengsl að einhverju leyti. Svárið við báðum rannsóknarspurningum okkar er já. Niðurstöðurnar benda jafnframt til þess að tiltekna víddir auðmagns séu mikilvægari en aðrar í þessu tilliti.

Stéttakenning Pierre Bourdieu kveður á um að stéttarstaða ráðist af fjórum tegundum auðmagns sem einstaklingar og hópar geta nýtt sér til að koma sér og sínum sjónarmiðum á framfæri. Bourdieu áréttaði jafnframt að efnahagslegt auðmagn legði grunninn að annars konar auðmagni sem hægt er að öðlast, til dæmis því að tileinka sér færni og smekk sem aðrir meta að verðleikum, að þekkja rétta fólkið og njóta virðingar annarra í krafti stöðu, kunnáttu eða félagslegra tengsla. Niðurstöður okkar styðja við þessa hugmynd Bourdieus um að efnahagslega auðmagnið skipti mestu máli varðandi traust einstaklinga á stjórnmálunum. Þær sýna enn fremur mikilvægi þess að mæla efnahagslegt auðmagn ekki bara út frá tekjum heldur einnig á víðtækari hátt sem kaupmátt. Tekjur tengjast vissulega trausti á stjórnmálum en áhrif þeirra víkja þegar huglægur kaupmáttur er skoðaður. Svo virðist sem hlutlægur kaupmáttur sé betri mæling á efnahagslegu auðmagni heldur en tekjur, enda gefur sú mæling svarendum rými til að setja tekjur sínar í víðara samhengi (t.d. með tilliti til fjármagnseigna, skulda og skuldbindinga).

Það vekur athygli að menningarlegt auðmagn tengist stjórnmálatrausti einungis í gegnum formlega menntun og þá sérstaklega að hafa háskólamenntun í samanburði við grunnskólamenntun. Neysla hámenningar tengist ekki stjórnmálatrausti í okkar gögnum. Mögulega skiptast Íslendingar ekki í menningarelítur sem hafa mismunandi tengsl við heim stjórnmálanna, enda hafa rannsóknir hérlendis leitt í ljós flókið samband menningar- og stjórnmálaelítna (Gunnar H. Kristinsson 2021). Á sama hátt styðja niðurstöður okkar ekki heldur áhrif félagslegs auðmagns á stjórnmálatraust. Það er að segja, gögnin styðja ekki þá tilgátu að persónuleg tengsl einstaklinga við elítuhópa á Íslandi (þ.e., við stjórnmálamenn, framáfólk í viðskiptum eða við menntaelítuna) skapi auknið traust á stjórnmálum.³ Það kemur að vissu leyti á óvart að þau sem upplifa sig nær valdinu, og þá kannski sérstaklega stjórnmálavaldinu sjálfu, hafi ekki meira stjórnmálatraust en aðrir, sem hugsanlega endurspeglar að einhverju leyti hugmyndir fræðafólks um tiltölulega stéttlaust samfélag. Þetta gæti endurspeglað smæð samfélagsins þar sem boðleiðir eru

stuttar. Því til stuðnings hefur Jón G. Ólafsson (2020, 2023) sýnt fram á hvernig smæð íslensks samfélags hefur áhrif á samskipti stjórnmálafólks og almennings og þar kom meðal annars í ljós að almenningur sér það sem mögulegt að hafa samband við stjórnmálafólk í gegnum Facebook Messenger. Og það sem skiptir ekki síður máli er að slík samskipti bera oft á tíðum árangur, þ.e.a.s. boðleiðin á milli valdsins og almennings er hugsanlega styttri en í öðrum samfélögum. Á móti má velja því upp hvort að þetta séu einstaklingar sem þekkja kerfið betur og vita hugsanlega hvernig það virkar í raun, sem að gæti dregið úr trausti til stjórnmála.

Samkvæmt Bourdieu nota einstaklingar efnahagslegt, menningarlegt og félagslegt auðmagn til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og öðlast virðingu annarra. Niðurstöður okkar styðja þessa miðlægu hugmynd Bourdieus, en táknrænt auðmagn hefur einmitt marktæk tengsl við stjórnmálatraust, þannig að þau sem hafa meira táknrænt auðmagn (og telja sig þannig njóta meiri virðingar) treysta stjórnmálunum frekar. Vera má að þau sem upplifi að á þau sé hlustað sökum virðingarstöðu telji frekar að ákvarðanir stjórnmálafólks endurspegli þeirra sjónarmið, eða að minnsta kosti að þau hafa möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þetta gæti endurspeglast í meira stjórnmálatrausti.

Markmið okkar var þó ekki aðeins að skoða hvernig mismunandi tegundir auðmagns tengjast trausti til stjórnmála. Markmið okkar var einnig að leita skýringa á því hvers vegna þau sem hafa meira efnahagslegt auðmagn treysta stjórnmálunum betur. Í þessu sambandi tókum við fyrir efnahagslegan ójöfnuð sem sem hefur fengið aukna athygli á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi frá Niðursveiflunni miklu (e. the Great Recession) sem reið yfir heiminn 2007 og 2008. Samfara og í kjölfar kreppunnar sem skall á Íslandi af fullum þunga árin eftir bankahrunið kom upp á yfirborðið kröftug umræða og mótmæli sem hverfast um efnahagsleg forréttindi, óeðlileg tengsl viðskipta og stjórnmála og misskiptingu gæðanna. Þekktasta dæmið erlendis frá er án efa Occupy Wall Street hreyfingin en hérlendis rísa hæst kröftug fjöldamótmæli í Búsáhaldabyltingunni í kjölfar hruns og Panamamótmælin árið 2016 (Jón Gunnar Bernburg, 2019, 2022). Í þessum fjöldamótmælum kom skýrt fram að almenningi ofbýður sá möguleiki að stjórnmálin endurspegli hagsmuni hinna fáu frekar en almennings. Aukin sýnileiki og orðræða um ójöfnuð gætu endurspeglad grundvallargjá í íslensku samfélagi, það er að segja á milli þeirra sem hafa mestu efnahaglegu lífsgæðin og telja samfélagið réttlátt og ásættanlegt og þeirra sem hafa það verr efnahagslega og upplifa samfélagið sem óréttlátt og óásættanlegt. Þetta rímar við niðurstöður erlendis frá um að upplifun á ójöfnuði hafi meiri áhrif á traust til stjórnmála en jafnvel raunverulegur ójöfnuður (Goubin & Hogghe 2020) og niðurstöður úr íslenskum rannsóknum um að ný stéttavidd hafi myndast í kosningahegðun eftir efnahagshrunið (Agnar F. Helgason 2018). Niðurstöður okkar benda til þess að ein af ástæðum þess að þau sem hafa mikið efnahagslegt auðmagn treysti stjórnmálunum betur sé sú að þau telja ójöfnuðinn í samfélaginu ásættanlegan, enda hentar núverandi fyrirkomulag þeirra hagsmunum ágætlega. Þessir einstaklingar eru líklegri til að upplifa ójöfnuðinn í samfélaginu sem réttlátan og líta því ekki á stjórnmálakerfið sem kerfi

sem viðheldur óréttlátri skiptingu gæðanna. Aftur á móti upplifa þau sem hafa minna efnahagsleg auðmagn tekjuójöfnuðinn á Íslandi frekar sem of mikinn og treysta stjórn-málunum síður af þeim sökum.

Rannsókn okkar hefur ákveðna annmarka. Þótt bestu mögulegu aðferðafræði hafi verið fylgt við framkvæmdina var svarhlutfallið frekar lágt. Könnunin var framkvæmd í miðjum COVID-19 faraldri og reyndist nauðsynlegt að vera sveigjanlegri en vanalega í gagnaöflun. Ekki síður mikilvæg skýring er sú að svarhlutfall hefur dregist verulega saman bæði á Íslandi og í löndunum sem við berum okkur iðulega saman við (Koen o.fl. 2018). Ef við skoðum Ísland sérstaklega, þá hefur svarhlutfall almennt dregist saman en einnig má leita skýringa í breyttri íbúasamsetningu. Þar má sérstaklega nefna erfiðleika við að ná til svarenda af erlendum uppruna, bæði þar sem fólk er hugsanlega flutt úr landi þegar það lendir í úrtakinu eða þegar reynt er að hafa samband við það, sem og að rannsóknir hafa sýnt minna traust innflytjenda til kannana heldur en þeirra sem fædd eru í landinu (Huslage, Rai & Held 2022). Samanburður á helstu bakgrunnsbreytum í gögn-unum okkar í samanburði við þjóðskrá gefur þó til kynna að úrtakið endurspeglir þjóðina ágætlega, fyrir utan of hátt hlutfall menntaðra svarenda. Varðandi mælingar okkar þá bjóða gögnin upp á enn frekari greiningu á auðmagni og hvernig gæti spilað saman við áhrif annarra þátta til að móta traust á stjórn málum. Þetta á sérstaklega við um félags-legt og menningarlegt auðmagn, þar sem við fundum ekki tengsl, en spurningar okkar bjóða upp á ýmsa aðra möguleika til að beina sjónum enn frekar að sérstaklega félagslegu auðmagni. Að sama skapi má auðvitað skoða viðhorf til ójafnaðar í víðara samhengi, til dæmis hvort að fólk vilji að ríkið beiti sér fyrir að draga úr tekjumun eða hvernig stóru kerfin okkar eiga að vera skipulögð, og tengja það svo við stjórn mála traust. Við lítum á þessa grein sem fyrsta skrefið í að skilja samband auðmagns og viðhorfa til ójafnaðar við traust til stjórn mála, en gögnin bjóða upp á frekari möguleika sem verða vonandi uppspretta frekari rannsókna.

Ef heildarmyndin út frá okkar niðurstöðum er skoðuð kemur í ljós að fjármagn og hvernig því er skipt skiptir verulegu máli fyrir stjórn mála traust á Íslandi. Þó að ýmsir þættir móti slíkt traust, bæði þættir sem við prófum í þessari rannsókn sem og aðrir þættir sem rannsóknir hafa sýnt fram á, þá er það kaupgetan sem að virðist skipta mestu máli í samanburði við aðrar víddir auðmagns og það er sérlega áhugavert að hún tekur út áhrif tekna. Umræðan um aukinn ójöfnuð á Íslandi er oft afvegaleidd með að benda á hversu lítill tekjuójöfnuður þar er í alþjóðlegum samanburði, en okkar niðurstöður benda til þess að kaupmáttur einstaklinga sé mikilvægur til að skilja traust á stjórn málum, óháð þeirri tekjudreifingu sem gögnin endurspeglar. Þessi áhrif sem misskipting fjár-muna hafa verða enn greinilegri þegar tekið er tillit til upplifunar á ójöfnuði. Verulegur hluti almennings upplifir tekjuójöfnuð sem of mikinn á Íslandi (Jón Gunnar Bernburg & Sigrún Ólafsdóttir 2012, 2023) og það fólk hefur minna traust til stjórn mála. Niður-stöðurnar leiða þannig í ljós gjá á milli hópa á Íslandi sem við náum ekki að mæla með hefðbundnum bakgrunnsbreytum. Gjá sem liggur í kaupmætti, virðingarstöðu og upp-lifun á ójöfnuði í íslensku samfélagi.

Aftanmálgreinar

1 Sambandið á milli almenns trausts og pólitísku trausts hefur verið mikið skadað, þó að ekki ríki almenn sátt um hvert sambandið á milli þeirra tveggja er (Liu & Stolle 2017; Newton 1999; Newton o.fl. 2018; Rothstein & Stolle 2008; Zmerli & Newton 2011). Nýrri rannsóknir sem nota betri mælingar sýna þó almennt sterka tengingu á milli félagslegs traust og pólitísku traust bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu (Zmerli & Newton 2008; Zmerli, Newton & Montero 2007). Sýnt hefur verið fram á sama samband á Íslandi og að félagslegt traust hafi haft áhrif á traust til stjórnmála bæði fyrir og eftir Hrun (Sjöfn Vilhelmsdóttir 2020). Það er tvennt sem helst hefur verið skadað varðandi stjórnmálaþátttöku þegar kemur að pólitísku trausti, annars vegar hvort að einstaklingar taki þátt í hinu pólitíska ferli og hins vegar hvernig þeim sem einstaklingar styðja gengur í kosningum. Varðandi hið fyrrnefnda þá hefur verið sýnt fram á að bara það að taka þátt í hinu pólitíska ferli ýti undir eða endurspegli traust (Miller & Listhaug 1990). Hér er því haldið fram að bara það að samsama sig ákveðnum flokki og telja að hann endurspegli á einhvern hátt eigin hagsmunum og skoðanir tengi einstaklinga við stjórnmálakerfið og því hafi þeir hærra traust til stjórnmála. Það hefur sýnt sig á undanförunum árum að hópar í samfélaginu upplifi að þeir hafi ekki rödd í kerfinu, að kerfið sé óréttlátt gagnvart þeim og að þeir eigi hvergi heima. Rannsóknir á Brexit og kosningu Trumps sýna til dæmis fram á þetta. Í rannsókn sinni til að reyna að skilja hvernig Trump var kosinn hefur bandaríski félagsfræðingurinn, Arlie Hochschild (2016) meðal annars lýst því hvernig ákveðinn hluti bandarísku almennings fór að upplifa sig sem ókunnuga í eigin landi sem leiddi til þess að hann flykkti sér að baki Trumps fremur en að baki hefðbundnari frambjóðenda annað hvort Demókrata eða Repúblíkana.

Það er í eðli kosninga í lýðræðisríkjum að sumir vinna á meðan aðrir tapa. Það má búast við að slík úrslt hafi áhrif á hvernig fólk upplifir stjórnmálakerfið, þar með talið traust til stjórnmála (Anderson & Guillory 1997; Anderson & Tverdova 2001; Dahlberg & Linde 2016; Holmberg o.fl. 2017; Norris 2011). Þessi áhrif eru talin vera sérlega sterk þegar traust til stofnana og leikenda hins pólitíska kerfis eru skadaðir, svo sem til stjórnmálafólks og helstu stjórnmálastofnanna eins og Alþingis. Við keyrðum öll líkön okkar þar sem við skoðuðum þetta og niðurstöðurnar voru í samræmi við þær væntingar sem koma úr fyrri rannsóknum. Þar sem það er ekki hluti af okkar heildarsögu þá birtum við niðurstöður okkar án þeirra, en það er mikilvægt að okkar niðurstöður eru sambærilegar í líkönum þar sem stjórnað er fyrir almennt traust og hvort svarendur studdu ríkisstjórnarflokka eða ekki.

- 2 Við skoðuðum samband kaupgetu og stjórnmáltrausts gæti verið ólínulegt og komumst að því að sambandið hefur marktæka tilhneigingu til þess að minnka eftir því sem kaupgetan eykst. M.ö.o. samband kaupgetu og stjórnmáltrausts er sterkast þegar kaupgetan er á lægri stígum en veikist á efri stígum kaupgetu. Sambandi kaupgetu og stjórnmáltrausts má þó gróflega lýsa á línulegan hátt og gerum við það hér til þess að geta framkvæmd miðlunargreininguna.
- 3 Greining sem notaði þrjár mælingar sem endurspeglar hverja elitu sýndi ekki fram á niðurstöðu sem er ólík þeirri sem birtist í þessari grein.

Heimildir

- Achen, C.H. og Bartels L.M. (2016). *Democracy for Realists: Why Elections Do Not Produce Responsive Government*. Princeton: Princeton University Press.
- Agnar F. Helgason (2018). „The Great Recession and New Class Voting in Iceland”, *Stjórnmál & stjórnsýsla* 14(3):159-182.
- Agnar F. Helgason, Ólafur Þ. Harðarson, Jón G. Ólafsson, Eva H. Önnudóttir og Hulda Þórisdóttir (2022). „Electoral politics after the crisis: Change, fluctuations and stability in the 2021 Althingi Election”, *Stjórnmál & stjórnsýsla*, 18(1), 1-26.

- Anderson, C.J. og Guillory, C. (1997). „Political Institutions and Satisfaction with Democracy: A Cross-National Analysis of Consensus and Majoritarian Systems”, *American Political Science Review*, 91(1), 66-81.
- Anderson, C.J. og Tverdova Y.V. (2001). „Winners, losers, and attitudes about government in contemporary democracies”, *International political science review*, 22(4), 321-338.
- Baron, R. M. og Kenny, D. A. (1986). „The moderator–mediator variable distinction in social psychological research: Conceptual, strategic, and statistical considerations”, *Journal of Personality and Social Psychology*, 51(6), 1173–1182.
- Berglind R. Magnúsdóttir og Helga H. Gísladóttir (2017). „„Þá er gott að fá einhvern utanaðkomandi... sem borin er virðing fyrir:”, Bjargráð mæðra við skólagöngu einhverfra barna sinna í ljósi stétta-kenningar Bourdieu”, *Netla - Vefritmarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Beullens, K., Loosveldt G., Vandenplas C. og Stoop I. (2018). „Response Rates in the European Social Survey: Increasing, Decreasing, or a Matter of Fieldwork Efforts?”, *Survey Methods: Insights from the Field*. Retrieved from <https://surveyinsights.org/?p=9673>
- Bourdieu, P. (1984). *Distinction: A Social Critique of the Judgement of Taste*. Cambridge: Harvard University Press.
- Bourdieu, P. (1989). „Social Space and Symbolic Power”, *Sociological Theory* 7(1), 14-25.
- Chauvel, L., Hartung, A., Bar-Haim, E. og Van Kerm, P. (2019). „Income and Wealth above the Median: New Measurements and Results for Europe and the United States”, í K. Decanq og P.V. Kerm, P.V. (ritstj.), *What Drives Inequality? Research on Economic Inequality*. Leeds: Emerald Publishing Limited.
- Citrin, J. og Stoker, L. (2018). „Political Trust in a Cynical Age”, *Annual Review of Political Science* 21(1), 49-70.
- Curtis, J. og Andersen, R. (2015). „How Social Class Shapes Attitudes on Economic Inequality: The Competing Forces of Self-Interest and Legitimation”, *International Review of Social Research* 5(1), 4-19.
- Dahlberg, S. og Linde, J. (2016). „Losing Happily? The Mitigating Effect of Democracy and Quality of Government on the Winner-Loser Gap in Political Support”, *International Journal of Public Administration*, 39(9), 652-664.
- Dalton, R.J. (2004). *Democratic Challenges, Democratic Choices : The Erosion of Political Support in Advanced Industrial Democracies*. Oxford: Oxford University Press.
- Dalton, R.J. (2005). „The Social Transformation of 'Trust in Government'”, *International Review of Sociology* 15(1), 133-54.
- Dalton, R.J. og Shin, D.C. (2014). „Reassessing the Civic Culture Model”, í R.J. Dalton og C. Welzel (ritstj.), *The Civic Culture Transformed: From Allegiants to Assertive Citizens*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Etzioni, A. (1988). *The Moral Dimension*. New York: The Free Press.
- Evans, G. og de Graaf, N.D. (ritstj.). (2013). *Political Choice Matters: Explaining the Strength of Class and Religious Cleavages in Cross-National Perspective*. Oxford: Oxford University Press.
- Fairbrother, M., Johansson Sevã, I. og Kulin, J. (2019). „Political Trust and the Relationship between Climate Change Beliefs and Support for Fossil Fuel Taxes: Evidence from a Survey of 23 European Countries”, *Global Environmental Change* 59, 102003.
- Gimpelson, V. og Treisman, D. (2018). „Misperceiving Inequality”, *Economics & Politics* 30(1), 27-54.
- Goubin, S. og Hooghe, M. (2020). „The Effect of Inequality on the Relation between Socioeconomic Stratification and Political Trust in Europe”, *Social Justice Research* 33, 219-247.
- Grönlund, K. og Setälä, M. (2007). „Political Trust, Satisfaction and Voter Turnout”, *Comparative European Politics* 5(4), 400-422.
- Guðrún Johnsen og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir (2018). „Public Trust in Institutions in Pre- and Post-Crisis Iceland (I): Take the Lift Down, but Use the Stairs Up”, í T. O. Sigurjonsson, D. L. Schwarzkopf og M. Bryant (ritstj.), *The Return of Trust? Institutions and the Public after the Icelandic Financial Crisis*. Leeds: Emerald Publishing Limited.
- Guðmundur Oddsson (2010). „Class Awareness in Iceland”, *International Journal of Sociology and Social Policy* 30(5/6), 292-312.

- Guðmundur Oddsson (2016). „Neoliberal Globalization and Heightened Perceptions of Class Division in Iceland”, *The Sociological Quarterly* 57(3), 462-490.
- Gunnar Helgi Kristinsson (2021). *Elítur og valdakerfi á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands (2020a). *Mannfjöldi 16–74 ára eftir menntunarstöðu á vinnumarkaði samkvæmt ISCED 2011 menntunarflokkuninni 2003–2020*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands (2020b). *Mannfjöldi eftir bakgrunni, kyni og aldri 1996–2021*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Haugsgjerd, A. (2018). „Political Distrust amidst the Great Recession: The Mitigating Effects of Welfare State Effort”, *Comparative European Politics* 16(4), 620-648.
- Hetherington, M.J. og Rudolph, T.J. (2015). *Why Washington Won't Work: Polarization, Political Trust, and the Governing Crisis*. Chicago: University of Chicago Press.
- Hochschild, A.R. (2016). *Strangers in their Own Land: Anger and Mourning on the American Right*. New York: The New Press.
- Holmberg, S., Lindberg, S. og Svensson, R. (2017). „Trust in Parliament”, *Journal of Public Affairs*, 17 (Special Issue), 1-9.
- Huslage, M., Rai, A. og Lehman, M. (2022). „Building Partnerships and Trust: Research with Vulnerable Immigrant Communities”, *Families in Society: The Journal of Contemporary Social Services*. 103, 235-246.
- Indriði H. Indriðason, Eva H. Önnudóttir, Hulda Þórisdóttir og Ólafur Þ. Harðarson (2017). „Re-electing the Culprits of the Crisis: Elections in the Aftermath of a Recession”, *Scandinavian Political Studies* 40(1), 28-60.
- Jost, J., Pelham, B.W., Sheldon, O. og Sullivan, B.N. (2003). „Social Inequality and the Reduction of Ideological Dissonance on Behalf of the System: Evidence of Enhanced System Justification among the Disadvantaged”, *European Journal of Social Psychology* 33(1), 13-36.
- Jón G. Bernburg (2019). „The Cascading Crisis and the Changing Base of Popular Protest: The Case of Iceland”, *Current Sociology* 67(7), 1018-38.
- Jón G. Bernburg (2022). „Collective Action and the Self-Fulfilling Prophecy: The Case of the Panama Papers Protest in Iceland”, *European Sociological Review* 38(2), 304-20.
- Jón G. Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir (2012). „Viðhorf Íslendinga til launaójafnaðar”, Í G.B. Eydal og S. Ólafsson (ritstj.), *Þróun Velferðarinnar, 1988-2008* (bls. 291-300). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Jón G. Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir (2023). „Hve mikill á launamunur að vera? Viðhorf almennings”, *Vísibending* 41(27), 3-4.
- Jón G. Ólafsson (2020). „Factoring Size into the Equation: Media Studies, Politics, and Small States”, *Nordic Journal of Media Studies* 2(1), 145-56.
- Jón G. Ólafsson (2023). „Politicians and the general public communicating on Facebook and Messenger: Public and private interactions in a two-level online sphere”, *Social Media + Society*, 9(2).
- Lei, Y. (2020). „Revisiting China's Social Valcano: Attitudes toward Inequality and Political Trust in China”, *Socius*, 6, 1-21.
- Listhaug, O. (1995). „The Dynamics of Trust in Politicians”, í Klingemann, H.D. og Fuchs, D (ritstj.) *Citizens and the State* (bls. 261-97). Oxford: Oxford University Press.
- Liu, C. og Stolle, D. (2017). „Social capital, civic culture and political trust”, í S. Zmerli og T.W.G. Meer (ritstj.), *Handbook on Political Trust*. Cheltenham: Edward Elgar Publishing.
- Mayne, Q. og Hakhverdin, A. (2017). „Education, Socialization, and Political Trust”, í S. Zmerli og T.W.G. Meer (ritstj.), *Handbook on Political Trust*. Cheltenham: Edward Elgar Publishing.
- Mijs, J.B. (2019). „The Paradox of Inequality: Income Inequality and Belief in Meritocracy go hand in hand”, *Socio-Economic Review* 19(1), 7-35.
- Miller, A.H. og Listhaug, O. (1990). „Political parties and confidence in government: A comparison of Norway, Sweden and the United States”, *British Journal of Political Science*, 20(3), 357-386.
- Newton, K. (1999). „Social and Political Trust in Established Democracies”, í P. Norris (ritstj.) *Critical Citizens: Global Support for Democratic Governance*. Oxford: Oxford University Press.
- Newton, K., Stolle D. og Zmerli, S. (2018). „Social and Political Trust”, í E.M. Uslaner (ritstj.), *The Oxford Handbook of Social and Political Trust*. Oxford: Oxford University Press.

- Norris, P. (2011). *Democratic Deficit: Critical Citizens Revisited*. New York: Cambridge University Press.
- Purhonen, S., Gronow, J. og Rahkonen, K. (2011). „Highbrow culture in Finland: Knowledge, taste and participation”, *Acta Sociologica*, 54(4), 385-402.
- Rothstein, B., og Stolle, D. (2008). „Political institutions and generalized trust”, í D. Castiglione, J.W. van Deth og G. Wolleb (Ritsj.), *The Handbook of Social Capital*. Oxford: Oxford University Press.
- Rudolph, T.J. (2017). „Political Trust at a Heuristic”, í S. Zmerli. og T.W.G. Meer (ritstj.), *Handbook on Political Trust*. Cheltenham: Edward Elgar Publishing.
- Schoon, I. og Cheng, H. (2011). „Determinants of Political Trust: A Lifetime Learning Model”, *Developmental Psychology* 47(3), 619-31.
- Sjöfn Vilhelmsdóttir og Gunnar Helgi Kristinsson (2018). „Political Trust in Iceland: Performance or Politics?”, *Stjórnmál & stjórnsýsla* 14(1), 211-34.
- Sjöfn Vilhelmsdóttir (2020). *Political Trust in Iceland: Determinants and Trends, 1983 to 2018*. PhD, Political Science, University of Iceland, Reykjavík.
- Stefán Ólafsson og Arnaldur S. Kristjánsson (2017). *Ójöfnuður á Íslandi: Skipting tekna og eigna í fjölfjóðlegu sambengi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stefán Ólafsson (2022). *Baráttan um bjargirnar: Stjórnmál og stéttabarátta í mótun íslensks samfélags*. Reykjavík: Forlagið.
- Valur Ingimundarsson, Urfalino, P. og Irma Erlingsdóttir (ritstj.). (2016). *Iceland's Financial Crisis: The Politics of Blame, Protest, and Reconstruction*. Routledge.
- Zmerli, S., og Newton, K. (2008). „Social Trust and Attitudes toward Democracy”, *The Public Opinion Quarterly*, 72(4), 706-724.
- Zmerli, S., og Newton, K. (2011). „Winners, Losers and Three Types of Trust”, í S. Zmerli og M. Hooghe (ritstj.), *Political Trust: Why Context Matters*. Colchester: ECPR Press.
- Zmerli, S., Newton, K. og Montero J.R. (2007). „Trust in People, Confidence in Political Institutions and Satisfaction with Democracy”, í J.W. van Deth, J.R. Montero og A. Westholm (ritstj.), *Citizenship and Involvement in European Democracies: A Comparative Analysis*. London: Routledge.
- Þorbjörn Broddason og Webb, K. (1975). „On the Myth of Social Equality in Iceland”, *Acta Sociologica* 18(1), 49-61.

Viðauki 1

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
1. Aldur	1,0																			
2. Konur	0,00	1,0																		
3. Reykjavíkursvæði	-0,03	-0,01	1,0																	
4. Í sambúð / Hjónaband	0,17	-0,01	-0,08	1,0																
5. Erlendur uppruni	-0,11	-0,01	-0,08	0,01	1,0															
6. Fjöldi á heimili	-0,40	0,00	-0,01	0,39	0,03	1,0														
7. Atvinnulaus	-0,11	0,04	0,00	-0,05	0,06	0,03	1,0													
8. Í námi	-0,33	0,03	0,02	-0,13	0,00	0,12	-0,05	1,0												
9. Övorka	0,03	0,07	-0,05	-0,15	-0,02	-0,13	-0,04	-0,06	1,0											
10. Eftirauð	0,65	0,02	-0,01	-0,02	-0,08	-0,34	-0,09	-0,12	-0,10	1,0										
11. Heimilistekjur	-0,18	-0,06	0,11	0,48	-0,06	0,53	-0,05	-0,03	-0,24	-0,35	1,0									
12. Kaupgeta (z-stig)	0,21	-0,19	0,06	0,30	-0,07	0,05	-0,10	-0,13	-0,28	0,06	0,45	1,0								
13. Millistéttastarfsólk	0,07	-0,07	-0,08	-0,05	0,06	-0,08	-0,04	-0,01	0,07	0,03	-0,14	0,00	1,0							
14. Ófaglaert starfsólk	-0,19	0,00	-0,08	-0,23	0,08	-0,09	0,09	0,23	0,08	0,00	-0,27	-0,27	-0,31	1,0						
15. Háskólagráða	-0,08	0,17	0,18	0,15	-0,01	0,15	0,01	-0,13	-0,07	-0,16	0,27	0,13	-0,26	-0,38	1,0					
16. Stúdentspróf	-0,03	-0,15	-0,01	-0,10	0,00	-0,07	-0,04	0,08	-0,06	0,03	-0,11	-0,01	0,16	0,16	-0,63	1,0				
17. „EÖR“ lífsstíll (z-stig)	0,02	0,25	0,13	-0,04	0,06	-0,08	-0,02	0,02	-0,02	0,05	0,01	0,00	-0,12	-0,13	0,29	-0,13	1,0			
18. Félaglegt auðmagn (z-stig)	0,07	-0,05	0,11	0,12	-0,01	0,05	-0,05	-0,03	-0,03	-0,08	0,20	0,19	-0,04	-0,21	0,24	-0,09	0,29	1,0		
19. Táknaert auðmagn (z-stig)	-0,16	0,01	0,07	0,04	0,01	0,12	0,01	0,05	-0,04	-0,18	0,17	0,11	-0,08	-0,17	0,27	-0,17	0,27	0,34	1,0	
20. Öjöfnuður vandamáli (z-stig)	0,13	0,20	-0,11	-0,03	-0,05	-0,11	0,02	-0,03	0,10	0,09	-0,20	-0,23	0,02	0,02	-0,09	0,02	-0,02	-0,13	-0,12	1,0
21. Pólitískt traust (z-stig)	0,04	0,14	0,02	0,13	0,00	0,07	-0,05	0,04	-0,17	0,01	0,18	0,20	-0,05	-0,15	0,21	-0,08	0,11	0,14	-0,20	

Skýring: Taflan sýnir Pearson fylgni-stuðla. Feitlettradir fylgni-stuðlar eru tölfræðilega marktækir við 95% örýggsstig.

